

## Fundagerð stjórnar SÍ, 23. maí 2019

Fundur settur um 17:30.

Mætt: Gunnar, Ingibjörg, Hörður, Þorsteinn og Omar

### 1) Aðalfundur SÍ

Fer fram á Akureyri 1. júní nk. Fundurinn fer fram á Hofi á Akureyri 1. júní og hefst kl. 9.

- Rúnar Sigurpálsson verður fundarstjóri
- Fundarritarar ákveðnir síðar
- Kristján Örn Elíasson verður fulltrúi kjörbréfanefndar á Akureyri
- Ársskýrslan nánast tilbúin – fer í prentun eftir helgi.
- Ársreikningar eru að þessu endurskoðaðir að kröfu ráðuneytis. Drög að þeim liggja fyrir og vonandi liggur endanlegur reikningur fyrri á morgun. Samþykktir af stjórn með fyrirvara um breytingarnar skipti ekki grundvallarmáli. Hagnaður upp á 1,7 á árinu 2018.
- Fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt af stjórn.
- Endurskoðendur. Það hefði verið gott að breyta lögunum í ljósi breyttra aðstæðna (krafa MMR um endurskoðaða reikninga) en það gleymdist. Skipa þarf nýjan endurskoðanda í stað Árna Björns sem hefur óskað eftir því að hætta. Gunnari falið að stinga upp á nýjum endurskoðanda.
- Kjörbréfanefnd – Ólafur H. Ólafsson hefur óskað eftir því að hætta. Gunnari falið að stinga upp á nýjum manni í nefndina.

### 2) Skákþing Íslands – Íslandsmótið í skák – Icelandic Open

Hefst á laugardaginn á Akureyri. 62 keppendur skráðir til leiks. Allt utanumhald að hálfu Skákfélagsmanna hefur verið til mikillar fyrirmyndar.

Stórmeistararnir, Hannes, Héðinn, Bragi, Þröstur og Helgi Áss allir með sem og Lenka. Því miður tekur Hjörvar ekki þátt. Meðal erlendra keppenda eru Ivan Sokolov og Tiger Hillarp-Persson.

Kristján Örn verður nýr skákstjóri í stað Róbert sem þurfti að draga sig út af persónulegum ástæðum.

Arnar Ingi sér um tæknimál og verður viðstaddur fyrstu 3 umferðirnar. Svo fer hann og heimamenn taka við.

### 3) Norðurlandamótið í skák

Haldið 21.-27. júní í Sarpsburg. Helgi Áss Grétarsson á inni boð sem Íslandsmeistari í fyrra. Lenka Ptácníková fer líka á vegum SÍ.

### 4) EM ungmenna

Fer fram 1.-11. ágúst í Bratislava í Slóvakíu. Staðan er sú að 11 unglingar hafa gefið kost. Fresturinn til skráningar rennur út í morgun. Miðað við fjöldann virðast vera þörf á tveim fararstjórum. Ingvar Þór og Helgi hefur verið boðin staða fararstjóra.

## **5) EM unglingslandslíða.**

Helgi Ólafsson hefur óskað eftir því að Sí athugi möguleikann á að senda lið á mótið.

Samkvæmt fjárhagsáætlun má gera ráð fyrir að kostnaður við mótshaldið liggi á milli 1.000.000-1.300.000

Í ljósi Skákframtíðarinnar og mögulegs kostnaðar við hana og þess að stefnan hefur verið tekin á það að tepla á ÓI-16 telur stjórn Sí ekki gerlegt að bæta þessu móti við.

Sí er hins vegar tilbúið að styrkja mögulega þátttöku um allt að 300.000 kr. Það gæti t.d. falist í því að greiða kostnað við fararstjórn og greiðslu þátttökugjalda.

## **6) Styrkbeiðni frá Laufásborg**

Styrkbeiðni frá Laufásborg vegna þátttöku á EM barnaskólasveita. Níu keppendur verða frá Íslandi. Samþykkt að styrkja þá um 10.000 kr. á haus í formi skáksetta.

Fundi slitið um 18:30.

Fundargerð ritaði Gunnar Björnsson.